

Ívar Jónsson

**Skýrsla um innleiðingu reglugerðar
nr. 1435/2003 um evrópsk samvinnufélög
á Íslandi**

Reykjavík 2010

Efnisyfirlit

1. Innleiðing reglugerðar nr. 1435/2003 um evrópsk samvinnufélög	3
1.1. Bakgrunnur, tímasetning og aðferð við innleiðingu	3
1.2. Gerð og megin inntak laganna	3
1.3. Yfirvöld evrópskra samvinnufélaga, skv. 78. grein, 2. málsgrein reglugerðar um evrópsk samvinnufélög	5
1.4. Helstu heimildir	7
2. Athugasemdir skýrsluhöfundar varðandi innleiðingu reglugerðar um evrópsk samvinnufélög á Íslandi	7
3. Yfirlit yfir íslensk lög um samvinnufélög	11
3.1. Rætur og einkenni löggjafarinnar	11
3.2. Skilgreining og markmið samvinnufélaga	12
3.3. Starfssemi	12
3.4. Aðferðir við stofnun samvinnufélaga	13
3.5. Félagsaðild	13
3.6. Fjárhagsleg málefni	14
3.7. Skipulagsmál	16
3.8. Skráning og eftirlit með samvinnufélögum	17
3.9. Breyting á rekstrarformi samvinnufélaga.	17
3.10. Um sérstaka skattameðferð samvinnufélaga	17
3.11. Helstu heimildir	18
4. Um reglugerð um evrópsk samvinnufélög og íslensk lög um samvinnufélög	18

1. Innleiðing reglugerðar nr. 1435/2003 um evrópsk samvinnufélög.¹

1.1. Bakgrunnur, tímasetning og aðferð við innleiðingu

Reglugerð um evrópsk samvinnufélög (e. European Cooperative Society, SCE, nr. 1435/2003 var innleidd á Íslandi með lögum um evrópsk samvinnufélög nr. 92 14. júní 2006.

1.2. Gerð og megin inntak laganna

Lög nr. 92/2006 innihalda sex kafla og 30 greinar. Kaflí 1 lýsir almennum ákvæðum laganna. 1. grein laganna lýsir gildissviði laganna og kveður á um að ákvæði reglugerðar Evrópuráðsins (European Council) nr. 1435 frá 22. júlí 2003 hafi lagagildi á Íslandi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest.

2. grein laganna fjallar um fyrirkomulag bókhalds og ársreikninga evrópskra samvinnufélaga.

3. grein kveður á um að Evrópsku samvinnufélagi er skylt að hafa skammstöfunina SCE í heiti sínu. Auk þess er félagi heimilt að hafa orðin „evrópskt samvinnufélag“ í heitinu, svo og að nota skammstöfunina SCE/esvf.

4. grein kveður á um að aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum gilda samnefnd lög, þ.e. Lög frá 27. mars 2007 nr 44 um aðild starfsmanna að evrópskum Samvinnufélögum.

¹ Skýrsla þessi er unnin fyrir Evrópusambandið í samræmi við Service contract No SI2.ACPROCE029211200.

Contractors: Consortium: Euricse (IT), Ezai Foundation (ES), Cooperatives Europe (BE) and European Commission (DG Enterprise and Industry, Directorate E, unit E 3).

Subject: Study on the implementation of Regulation 1435/2003 on the Statute for European Cooperative Society (SCE) in all EU Member States and EEA countries (Norway, Iceland and Liechtenstein); rules applied to the SCE; national legislation on cooperatives; impact of the Statute on the national legislation and promotion of cooperatives in EU countries; recommendations for future legislation.

Skýslan er birt á slóðunum: Part I:

http://www.euricse.eu/sites/default/files/db_uploads/documents/1287749339_n1334.pdf; Part II:

http://www.euricse.eu/sites/default/files/db_uploads/documents/1287749518_n1335.pdf.

Kaflí 2 fjallar um stofnun evrópskra samvinnufélaga og þátttöku fjármálafyrirtækja í stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna. Auk þess er kveðið á um aðkomu Samvinnufélagaskrár að útgáfu vottorðs við stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna.

3. kaflí laganna fjallar um skráningu evrópskra samvinnufélaga. Í 9. grein segir að Samvinnufélagaskrá, sem ríkisskattstjóri starfrækir, skráir evrópsk samvinnufélög.

Kaflí 4 kveður á um flutning skráðrar skrifstofu evrópsks samvinnufélags milli landa. Í 11. grein segir: ”Evrópsku samvinnufélagi, sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með, er ekki heimilt að flytja skráða skrifstofu frá Íslandi til annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja leggist stofnunin gegn flutningnum innan tveggja mánaða frá birtingu flutningstillögu í Lögbirtingablaði skv. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög, sbr. 6. mgr. Sömu greinar.”

5. kaflí fjallar um skipulag evrópskra samvinnufélaga. Í kaflanum er vísað í reglugerð nr 1435/2003, greinar 37-44, varðandi einþætt og tvíþætt stjórnkerfi evrópskra samvinnufélaga. Sé evrópskt samvinnufélag með tvíþættu stjórnkerfi skulu minnst þrír menn sitja í framkvæmdastjórn og minnst þrír menn í eftirlitsstjórn. Sé stjórnkerfið einþætt skulu minnst þrír menn sitja í stjórn félagsins.

6.kaflí kveður á um önnur ákvæði eins og tillögurétt félagsmanna, félagsfundarboðun stjórnvalds, ráðstafanir gagnvart evrópsku samvinnufélagi með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu í mismunandi EESríkjum, málskot og viðurlög.

Í 2. grein laganna er stofnun evrópsks samvinnufélags auðvelduð með ákvæði um að ”Evrópskt samvinnufélag getur fengið heimild ársreikningaskrár, sem ríkisskattstjóri starfrækir, til að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli í samræmi við ákvæði laga um bókhald og semja og birta ársreikning sinn í erlendum gjaldmiðli í samræmi við lög um ársreikninga.”

Varðandi takmarkanir á starfssemi evrópskra samvinnufélaga kveður 6. grein laganna að: „Fyrirtæki sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með er ekki heimilt að taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum með samruna ef Fjármálaeftirlitið leggst gegn því að lokinni athugun vegna hættu á alvarlegum truflunum í greiðslumiðlunarkerfi eða starfsemi á fjármálamarkaði ellegar með tilliti til almannahagsmuna að öðru leyti, enda leggist stofnunin gegn því fyrir útgáfu vottorðs skv. 7. gr. þess efnis að lokið sé öllum gerningum og formsatriðum fyrir stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna.”²

Að lokum skal vakin athygli á því að í lögnum um evrópsk samvinnufélög nr. 92/2006 er hvergi kveðið á um að úrræði sem beinlínis er ætlað að hvetja til stofnunar evrópskra samvinnufélaga eins og gert er ráð fyrir æi 78 grein, 1. málsgrein reglugerðarinnar.

1.3. Yfirvöld evrópskra samvinnufélaga, skv. 78. grein, 2. málsgrein reglugerðar um evrópsk samvinnufélög.

Samvinnufélagaskrá hefur eftirlit með flutningi skráðrar skrifstofu evrópsks samvinnufélags milli ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja. Hafi dómstóll staðfest ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skv. 11. gr. um að leggjast gegn flutningi skráðrar skrifstofu, sbr. 28. gr., skal samvinnufélagaskrá vísa umsókninni frá (sbr. 13. grein laganna). Auk þess kveður 15. gr. laganna á um að leggist kröfuhafi, sem fengið hefur áskorun skv. 14. gr., gegn því innan tiltekins frests að evrópskt samvinnufélag flytji skráða skrifstofu skal samvinnufélagaskrá senda erindið héraðsdómi í því umdæmi þar sem félagið hefur skráða skrifstofu. Hafi enginn kröfuhafi lagst gegn flutningnum skal samvinnufélagaskrá veita félaginu umbeðið flutningsleyfi.

² Þessi takmörkun á ekki við um útlánastarfsemi íslenskra samvinnufélaga þar sem löggin um samvinnufélög nr. 22/1991 koma í veg fyrir að þau stundi slíka starfsemi. Sparisjóðum og einkafyrirtækjum er aðeins heimil slík starfsemi skv. íslenskum lögum.

Í tilfellum þegar samruna er andmælt segir 28. grein laganna að leggja megi ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins skv. 6. gr., varðandi samruna og 11. gr. varðandi flutning, fyrir héraðsdóm innan eins mánaðar frá því að félagið fékk vitneskju um ákvörðunina.

Í lögnum er fjallað um aðalfundi evrópskra samvinnufélaga. Í 18. grein, 2. málsgrein, segir: „Auk skyldna samkvæmt ákvæðum reglugerðar um evrópsk samvinnufélög skal eftirlitsstjórn gefa aðalfundi skýrslu með upplýsingum um þau málefni sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna.“

Um ráðstafanir gagnvart evrópsku samvinnufélagi með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu í mismunandi EES-ríkjum segir í 27. Grein að „Fullnægi evrópskt samvinnufélag ekki skyldum sínum skv. 6. gr. reglugerðar um evrópsk samvinnufélög um að skráð skrifstofa og aðalskrifstofa félagsins séu í sama ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamnings Evrópu eða í Færeyjum skal samvinnufélagaskrá staðfesta það með sérstakri ákvörðun. Skráin skal síðan gefa félaginu fyrirmæli um að bæta úr annmarkanum innan hæfilegs frests. Í fyrirmælunum skal felast viðvörðun um að krafist verði skipta á félaginu bæti það eigi úr annmarkanum.“

Jafnframt er sagt í 27. grein að ef evrópskt samvinnufélag fari ekki að þessum fyrirmælum skuli ráðherra gera kröfu um að félagið verði tekið til skipta skv. 62. gr. a laga nr. 22/1991, um samvinnufélög. Í grein þessari segir: „Samvinnufélagi skal slíta ef: 1. Ályktun þar að lútandi er samþykkt af tveimur lögmætum félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna. Í félagi, sem skiptist í deildir, skal bera ályktunina undir deildarfundum milli félagsfunda og þarf hún að hljóta þar samþykkt með einföldum meiri hluta greiddra atkvæða. 2. Félagsaðilar verða færri en fimmtán eða færri en þrjú ef um samvinnusamband er að ræða eða ef félagið fullnægir ekki ákvæðum laga þessara. Þetta gildir þó ekki ef ráðherra hefur veitt undanþágu frá lágmarkstölu félagsaðila, sbr. lokamálslið 5. mgr. 4. gr. 3. Félagsstjórn er skylt að afhenda bú félagsins til gjaldþrotaskipta samkvæmt ákvæðum gjaldþrotalaga. 4. Félagið vanrækir að senda samvinnufélagaskrá tilkynningar sem því er skylt samkvæmt ákvæðum laga þessara. 5.

Félaginu skal slíta í samræmi við ákvæði samþykktá þess. 6. Endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar hafa ekki verið sendir ársreikningaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár, sbr. ákvæði laga um ársreikninga um skil á ársreikningum.“

1.4. Helstu heimildir

Lög um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum nr. 44/2007, Reykjavík: Alþingi.

Lög um evrópsk samvinnufélög nr. 92/2006, Reykjavík: Alþingi.

Lög um samvinnufélög nr. 22/1991, Reykjavík: Alþingi.

2. Athugasemdir skýrsluhöfundar varðandi innleiðingu reglugerðar um evrópsk samvinnufélög á Íslandi.

Innleiðing reglugerðar um evrópsk samvinnufélög með lögum nr. 92/2006 virðist alfarið hafa farið framhjá almenningi á Íslandi. Engar blaðagreinar hafa verið birtar í íslenskum dagblöðum um lög nr. 92/2006. Það sama gildir um lög nr. 44/2007 um lög um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum³. Auk þess fór engin fagleg umræða fram um lögin meðal lögfræðinga í fagtímariti þeirra Úlfjótur⁴ á tímabilinu 2006-2009. Það átti sér því engin opinber umræða sér stað um reglugerðina og lögin á Íslandi.

Samkvæmt upplýsingum Samvinnufélagaskrár er ekkert evrópskt samvinnufélag (esvf) skráð á Íslandi. Sú könnun sem gerð var meðal stjórnenda samvinnufélaga vegna þessarar skýrslu leiðir í ljós að þeir þekkja ekki til reglugerðarinnar og hafa þar af leiðandi engar væntingar varðandi kosti innleiðingar reglugerðarinnar.⁵

³ Sjá www.timarit.is þar sem nálgast má öll íslensk dagblöð og flest tímarit.

⁴ **Úlfjótur** er gefinn út af Lagadeild Háskóla Íslands.

⁵ Þau samvinnufélög sem leitað var til og tóku þátt í könnuninni voru: Auðhumla, Búseti, Kaupfélag Borgfirðinga, Kaupfélag Fáskrúðsfjarðar, Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupfélag Skagfirðinga, Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Kaupfélag Sudurnesja/Samkaup, Kaupfélag Vestur-Húnavetninga, KEA, Sölufélag Austur-Húnavetninga. Árið 2009 voru félagsmenn þessara samvinnufélaga 26232. Önnur samvinnufélag sem fengist hafa upplýsingar um höfðu 8359 félagsmenn. Þetta eru Búmenn, Búseti á Norðurlandi, Kaupfélag Árnesinga og Sláturfélag Suðurlands. Félagsmenn þeirra samvinnufélaga sem leitað var til og tóku þátt í könnuninni eru

Megin ástæðan fyrir því að íslensk samvinnufélög hafa ekki nýtt sér þá möguleika sem löginn um evrópsk samvinnufélög fela í sér varðandi starfsemi þvert á landamæri er að stjórnendur þeirra þekkja ekki löginn. Sú könnun meðal stjórnenda íslenskra samvinnufélaga sem gerð var í tengslum við þessa skýrslu leiðir í ljós vanþekkingu þeirra á löggjöfnni um evrópsk samvinnufélög.


Íslensk stjórnvöld hafa ekki staðið fyrir neins konar kynningu á lögnum um evrópsk samvinnufélög og því er vitneskja samvinnumanna og almennings um þau lítil eða engin. Í íslensku menntakerfi er ekki að finna eitt einasta námskeið sem alfarið er helgað stjórnun eða rekstri samvinnufélaga. Þó ber að nefna eitt námskeið sem að hluta til kemur inn á þetta viðfangsefni en að er námskeiðið Rekstur samtaka og stofnana í Háskólanum í Reykjavík.

Það hefur vafalaust einnig áhrif á þekkingarskort íslenskra samvinnufélaga á löggjöfnni um evrópsk samvinnufélög að þau glíma enn við eigin kreppu og aðlögun að þeim aðstæðum sem sköpuðust þegar miðstöð samvinnufélaganna, Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS), varð gjaldþrota í byrjun 10. áratugar síðustu aldar og starfsemin var að mestu lögð niður. Eins og kemur fram á myndinni hér að neðan minnkaði fjöldi samvinnufélaga úr 152 árið 1990 í 35 árið 2009⁶. Við þetta er að bæta að aðeins 22 skráð samvinnufélög hafa símanúmer í símaskrá www.ja.is. Svo virðist því sem 22 eða færri samvinnufélög séu raunverulega starfsrækt á Íslandi í byrjun árs 2010. Megin ástæður hruns SÍS var gríðarleg skuldsetning þess á níunda áratug síðustu aldar sem fylgdi í kjölfar á lögbundinni innleiðingu verðtryggingar bankalána. Kaupfélögin urðu afar skuldsett gagnvart SÍS en staða þeirra veiktist mjög á síðasta fjórðungi aldarinnar í kjölfar mannfjöldapróunar og samþjöppunar fólksfjöldans á höfuðborgarsvæðið.

Því um 76% félagsmanna samvinnufélaga sem upplýsingar hafa fengist um. Þau samvinnufélög sem eftir standa eru fámennt.


⁶ Ítarlega umfjöllun um sögu íslenskrar samvinnuhreyfingar og kreppu hennar má lesa í Ívar Jónsson (2006) **Samvinnuhreyfingar Bandaríkjana, Bretlands og Íslands**, Háskólinn á Bifröst. (<http://www.felagshyggja.net/Felagar/Samvinnuhreyfingar.pdf>)

Mynd 1.
Fjöldi samvinnufélaga 1990-2009



Heimild: Hagstofa Ísland og Samvinnufélagaskrá.

Mynd 2
Fjöldi félagsmanna kaupfélaga 1920-1990 og 2009



Heimildir: Hagstofa Íslands (1997), **Hagskinna**, Samband íslenskra samvinnufélaga og kaupfélög⁷.

⁷ Upplýsingar frá SÍS varða Kaupfélag Borgfirðinga, Kaupfélag Skagfirðinga, Kaupfélag Vestur-húnvetninga, KEA, Kaupfélaga Héraðsbúa og Kaupfélag Suðurnesja/Samkaup. Auk þess fengust upplýsingar frá Kaupfélagi Árnesinga, Kaupfélagi Steingrímsfjarðar og Sölufélagi Austur-Húnvetninga.

Í myndinni hér að ofan kemur fram að fjöldi félagsmanna kaupfélaganna óx hröðum skrefum á 3. og 4. áratugnum og þeim áttunda og níunda. Síðan 1990 hefur félagsmönnum fækkað úr 42755 í 26390. Í myndinni kemur jafnframt fram að sem hlutfall af þeim hluta þjóðarinnar sem er 16 ára og eldri hefur félagsmönnum fækkað úr 32,0% árið 1950 í 23% 1990 og 10,48% 2009.

Auk félagsmanna í kaupfélögum eru félagsmenn samvinnufélaga í húsnæðissamvinnufélögum. Fjöldi þeirra bætist við félagsmenn kaupfélaganna en starfssemi húsnæðissamvinnufélaga hefur eflst síðan á 8. áratug síðustu aldar. Árið 2009 voru félagsmenn í Búseta, Búseta á Norðurlandi og Búmönnum 5290.

Auk þess má nefna að félagsmenn í Sláturfélagi Suðurlands (SS), þ.e. aðilar í A-deild stofnsjóðs, voru 2211 árið 2009 samkvæmt árskýrslu SS. Jafnframt ber að nefna að fjöldi félagsmanna Auðhumlu er 700 samkvæmt heimsíðu félagsins.

Alls voru félagsmenn samvinnufélaga á Íslandi a.m.k. 34591 árið 2009 eða meira en 14% af landsmönnum sem voru 16 ára eða eldri.

Auk þess, sem að ofan er nefnt um ástæður fyrir því að íslensk samvinnufélög hafa ekki nýtt sér þá möguleika sem löggin um evrópsk samvinnufélög fela í sér varðandi starfsemi þvert á landamæri, má nefna að á tíunda áratugnum tóku gildi lög um einkahlutafélög sem gera ráð fyrir að fáir eða jafnvel aðeins einn einstaklingur getur stofnað hlutfélag. Lágmarks stofnfjárupphæð er um 500 þúsund krónur (u.þ.b. 2700 evrur). Það er því mjög auðvelt fyrir einstaklinga að stofna fyrirtæki og er þetta rekstrarform skæður keppinautur við samvinnufélagaformið. Lágmarksfjöldi félagsmanna samvinnufélaga er 15 skv. lögum nr. 22/1991, en lækkun lágmarksfjölda myndi auðvelda stofnun samvinnufélaga.

Loks skal nefnt að flest íslensk samvinnufélög eru í landbúnaðartengdri starfsemi. Í þessum geira er hörð andstaða gegn samvinnu Evrópusambandsins og Íslands á sviði landbúnaðar.

Þessi andstaða grefur undan áhuga á löggjöf sem á uppruna sinn að rekja til reglugerða Evrópusambandsins.

3. Yfirlit yfir íslensk lög um samvinnufélög.

3.1. Rætur og einkenni löggjafarinnar.

Samvinnufélög á Íslandi eru skráð í Samvinnufélagaskrá sem heyrir undir embætti ríkisskattstjóra.

Þau lúta annars vegar að almennum lögum um samvinnufélög, þ.e. lög nr. 22/1991 og hins vegar eru í gildi sérstök lög um byggingarsamvinnufélög nr. 153/1998 og lög um húsnæðissamvinnufélög nr. 66/2003).

Lög um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög heyra undir lögin um samvinnufélög nr. 22/1991, en sérstök ákvæði í eru í lögnum nr. 153/1998 og nr. 66/2003 um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.

Í hinum almennu lögum nr. 22/1991 er kveðið á um að lágmarksfjöldi félagsmanna samvinnufélaga er 15. Þó getur efnahags- og viðskiptaráðherra veitt undanþágu frá þessum lágmarksfjölda, sbr. 4. grein, 5. málsgrein. Í tilfalli byggingarsamvinnufélaga er lágmarksfjöldi félagsmanna 10, en í sveitarfélögum með 15000 eða fleiri íbúa er lágmarksfjöldinn 50 (lög nr. 153/1998, 2. grein). Auk þess segir í 6. grein laga nr 153/1998 að í lögum byggingarsamvinnufélaga sé félagsmönnum óheimilt í fimm ár eftir úthlutun að selja þá íbúð sem byggingarsamvinnufélagið hefur úthlutað viðkomandi. Jafnframt hefur byggingarsamvinnufélagið forkaupsrétt að íbúðinni en að öðrum kosti geti félagsmaðurinn selt hana.

Varðandi húsnæðissamvinnufélög segir í 1. grein laga nr. 66/2003 að húsnæðissamvinnufélag hefur leyfi til að láta félagsmönnum þeirra í té íbúðir með búseturétti sem tryggir þeim ótímabundin afnot af þeim gegn greiðslu búseturéttargjalds og

búsetugjalds. Lög viðkomandi félags ákveða upphæð búseturéttargjalds, greiðslutilhögun og endurgreiðslu hans (4. grein). Búseturéttarhafi hefur ekki rétt til leigu íbúðar til þriðja aðila án samþykkis félagsins (19. grein). Húsnæðissamvinnufélög geta ekki rift leigusamningum sínum við félagsmenn nema búseturéttarhafi nýti húsnæðið á annan hátt en lög um húsnæðissamvinnufélög eða búsetusamningur mæla fyrir um og landslög leyfa að öðru leyti og lætur ekki af misnotkun þess þrátt fyrir skriflega áminningu húsnæðissamvinnufélags (22. grein).

Loks má geta þess varðandi fjáröflun, að húsnæðissamvinnufélögum er skylt að greiða í varasjóð upphæð sem nemur 1% af byggingarkostnaði eða kaupverði hvernar íbúðar. Í varasjóð skal enn fremur renna árlegt framlag af óskiptum tekjum félagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

3.2. Skilgreining og markmið samvinnufélaga.

Í 1. Grein laganna nr. 22/1991 segir að samvinnufélög séu „...félög er stofnuð eru á samvinnugrundvelli með því markmiði að efla hag félagsmanna eftir viðskiptalegri þátttöku þeirra í félagsstarfinu. Í samvinnufélögum er félagatala óbundin, stofnfé ekki fastákveðin fjárhæð, félagsmenn og aðrir félagsaðilar bera ekki persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins...“.

3.3. Starfssemi

Í 2. grein laga nr. 22/1991 segir að: „Starfssvið samvinnufélags getur verið svo sem hér segir:

1. Að útvega félagsmönnum og öðrum vörur og hvers konar þjónustu til eigin þarfa.
2. Að vinna og selja afurðir sem félagsmenn framleiða í eigin atvinnurekstri.
3. Að annast starfssemi er miðar á annan hátt að því að efla hag félagsmanna.

2. grein laganna nr. 22/1991 veitir samvinnufélögum heimild til að starfrækja innlánsdeild sem tekur við innlögum frá félagsmönnum og viðskiptaaðilum til ávöxtunar sem rekstrarfé félagsins. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum félagssamþykktá. Í greininni eru

skilyrði fyrir slíkri deild skilgreind: „... eigið fé félagsins sé minnst 100 milljónir króna og hlutfall eigin fjár þess af heildareignum eigi lægra en 15% eftir að frá eigin fé og heildareignum hefur verið dregið bókfært virði óskráðra eignarhluta og kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög. Sé saminn samstæðureikningur gildir eiginfjárfrafan fyrir samstæðuuppgjörið eingöngu.” Í 3. málsgrein 2. greinar er samvinnufélögum meinað að stunda útlánastarfsemi enda telst fjármálastarfsemi innlánsdeilda þeirra hvorki innláns- né lánastofnun í skilningi laga um Seðlabanka Íslands. Málsgreinin hljóðar svo: “Óheimilt er innlánsdeild að veita lán í eigin nafni eða reka aðra fjármálastarfsemi en um getur í 1. mgr. og hún telst hvorki innláns- né lánastofnun í skilningi laga um Seðlabanka Íslands.” Útlánastarfssemi er eina svið atvinnustarfsemi sem samvinnufélögum er bannað að stunda á Íslandi. Þetta er í samræmi við lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sem kveða á um að „Fjármálafyrirtæki skal starfa sem hlutafélag.“ (13. grein laganna).

Fjármálastarfsemi er þannig eina svið atvinnurekstrar sem samvinnufélögum er bannað að stunda til jafns við fyrirtæki sem hafa önnur rekstrarform. Slík starfsemi er bundin við sparisjóði í félagshagkerfinu.

3.4. Aðferðir við stofnun samvinnufélaga.

Í 4. grein, 1. málsgrein laga nr. 22/1991 er kveðið á um að til að stofna samvinnufélag. Skulu þeir þá kveðja til stofnfundar á því starfssvæði eða starfssviði sem félaginu er ætlað að ná til. Stofnfundinn skal boða með opinberri auglýsingu og með þeim hætti að ætla megi að berist til allra þeirra sem hag geti haft af þátttöku í starfsemi félagsins.

3.5. Félagsaðild

Um félagsaðild segir í 4. grein laganna að auk einstaklinga geta stofnendur samvinnufélags verið félög eða stofnanir, sem stunda atvinnurekstur, sé það boðað í auglýsingu um stofnfund félagsins. Bú stofnanda má eigi vera undir gjaldþrotaskiptum og ef hann er einstaklingur skal hann vera lögráða. Lágmarksfjöldi stofnaðila er 15. Í 62. Grein laganna segir að ef félagsaðilar verða færri en 15 skal slíta félaginu. Í 16. grein laganna segir að sá

sem vill gerast félagsaðili í samvinnufélagi skal snúa sér til stjórnar með beiðni um aðild, nema félagsfundur ákveði aðra tilhögun.

3.6. Fjárhagsleg málefni

Lögin nr. 22/1991 skilgreina ekki lágmarksupphæð stofnfjár samvinnufélaga. Stofnsjóður samvinnufélaga er sá rammi sem settur er um rekstur þeirra. Tekjur þessa sjóðs er aðildargjald félagsaðila, sá hluti hagnaðar, sem aðalfundur ákveður, eftir að dregið hefur verið frá tap, sem ekki hefur verið jafnað, og fé lagt í sjóði félagsins samkvæmt lögum eða félagssamþykktum (37. grein).

Samkvæmt 54. grein laganna er samvinnufélögum skylt að greiða minnst 10% þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagður í aðra lögbundna sjóði samvinnufélags, skal leggja í varasjóð félagsins uns varasjóður nemur tíu hundradshlutum af fjárhæð stofnsjóðs eða samanlagðri fjárhæð A- og B-deilda stofnsjóðs þar sem um slíka skiptingu er að ræða. Jafnframt segir að þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimmhundraðshlutar þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta af fjárhæð stofnsjóðs. Í samþykktum félags er heimilt að mæla fyrir um skyldu til hærri framlaga í varasjóð.

Um ráðstöfun tekjuafgangs samvinnufélaga segir í 53. grein laganna: “Í samþykktum félagsins má heimila úthlutun tekjuafgangs til félagsmanna í hlutfalli við viðskipti þeirra, að svo miklu leyti sem söluverð til félagsmanna hefur verið ofan við kostnaðarverð eða útborgað verð fyrir framleiðsluvörur eða þjónustu félagsmanna hefur reynst neðan við endanlegt fullnaðarverð (...) “Með sömu skilyrðum og að framan greinir er framleiðslusamvinnufélagi heimilt að ráðstafa tekjuafgangi til félagsmanna í samræmi við vinnuframlag hvers og eins. Setja skal nánari ákvæði um slíka ráðstöfun í samþykktir félagsins.” Þó skal ávallt tekið tillit til sanngjarnra greiðslna í stofnsjóð félagsins.

Með ákvæðum í samþykktum samvinnufélags má nefna stofnsjóð A-deild stofnsjóðs

og jafnframt mynda sérstaka B-deild með sölu hluta. Séreignarhlutir í A-deild stofnsjóðs eru bundnir við félagsaðila viðkomandi samvinnufélags, en í B-deild eiga þeir hluti sem keypt hafa og fengið í hendur samvinnuhlutabréf í samræmi við það. Árlega skal vaxtareikna og verðbæta séreignarhluta félagsmanna í óskiptum stofnsjóði eða A-deild hans og hafa til viðmiðunar almenna sparisjóðsvexti og verðbætur í samræmi við almennar verðbreytingar í þjóðfélaginu og bætast vextir og verðbætur við höfuðstól séreignarhlutans. Einungis félagsmenn í viðkomandi samvinnufélagi geta átt hlut í A-hlutanum en bæði félagsmenn og aðrir aðilar geta átt hlut í B-hluta (37. grein). Eigendur í B-hluta hafa ekki atkvæðisrétt í viðkomandi samvinnufélagi en hafa fullt málfrelsi skv. 42. grein laganna.

Aðalfundur samvinnufélags ákvarðar um ráðstöfun arðs til stofnsjóðs skv. 41. grein. Jafnframt segir í þessari grein að: “Þar sem um er að ræða B-deild stofnsjóðs skal skipta arði milli deilda stofnsjóðs samkvæmt ákvæðum samþykktu og ákvörðun aðalfundar. Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap, sem ekki hefur verið jafnað, og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Aðalfundur getur ekki ákveðið hærri greiðslur í stofnsjóð en stjórn félagsins hefur lagt til eða samþykkir.”.

Um rétt eigenda hluta í B-deild segir: “Eigendur B-deildar stofnsjóðs, sem samtals eiga minnst tíunda hluta sjóðsins, eiga á aðalfundi kröfu til þess að fundurinn taki ákvörðun um að úthluta sem arði til eigenda B-deildar stofnsjóðs fjárhæð er nemur allt að helmingi þess sem eftir stendur af árshagnaði félagsins þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað og það dregið frá sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs geta þó eigi krafist hærri greiðslu með þessu móti en sem nemur 10% af nafnverði hluta í B-deild, nema þeim sé veittur frekari forgangsréttur í samþykktum félagsins. Eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs geta einnig með sama hætti krafist útgáfu jöfnunarhluta ef skilyrði til þess eru fyrir hendi samkvæmt ákvæðum 51. gr.”

3.7. Skipulagsmál

Íslensk samvinnufélög má skipuleggja sem eina óskipta heild eða sem deildaskipt félag. Skipulagi þeirra er lýst í lögum nr. 22/1991 og samþykktum þeirra. Í félögum sem ekki eru deildaskipt hefur hver félagsmaður eitt atkvæði á félags- og aðalfundum nema samþykktir kveði á um annað. Í félagi, sem skiptist í deildir, hafa fulltrúar kjörnir á deildarfundum einir atkvæðisrétt og er hann jafn fyrir alla fulltrúa. Tala fulltrúa, sem hver deild kys á félagsfund, fer eftir samþykktum félagsins (20. grein). Auk þess er heimilt að ákveða í samþykktum félags, sem sinnir verkefnum fyrir framleiðendur vöru eða þjónustu, að félagsaðilar fái viðbótaratkvæði á félagsfundum í hlutfalli við viðskipti þeirra við félagið á næstliðnu almanaksári. Einnig er heimilt að veita lögaðilum, sem aðild eiga að félaginu, viðbótaratkvæði á félagsfundum í samræmi við nánari reglur í samþykktum félagsins (20. grein 2. málsgrein).

Stjórn samvinnufélags er kosin á aðalfundi. A.m.k þrír stjórnarmenn skulu kosnir og þrír til vara. Í samþykktum félagsins er heimilt að veita starfsmönnum, hagsmunasamtökum eða stjórnvöldum rétt til tilnefningar stjórnarmanns eða manna, en meiri hluti stjórnarmanna skal þó ætíð kjörinn af aðalfundi. Einungis félagsmenn eru kjörgengir. Ef félag eða stofnun er aðili að samvinnufélagi eru stjórnarmenn og framkvæmdastjórar kjörgengir. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum nema annað sé ákveðið í samþykktum (27. grein).

Í 55. grein laganna er fjallað um rannsóknarmenn félags. Í henni er sagt að: “Félagsaðili getur á aðalfundi eða á öðrum félagsfundi, þar sem málið er á dagskrá, komið fram með tillögu um að fram fari rannsókn á stofnun félags, tilgreindum atriðum varðandi starfsemi þess eða ákveðnum þáttum bókhalds eða ársreiknings. Hljóti tillagan atkvæði minnst 25% atkvæðisbærra félagsmanna eða fulltrúa deilda getur félagsmaður í síðasta lagi einum mánuði frá lokum fundarins farið þess á leit við ráðherra að hann tilnefni rannsóknarmenn. Auk þess geta eigendur að a.m.k. 25% hluta í B-deild stofnsjóðs farið þess á leit við ráðherra að hann tilnefni slíka rannsóknarmenn. Tilmælin skal taka til greina svo

framarlega sem ráðherra telur nægilegar ástæður til þeirra (...) Skýrsla rannsóknarmanna skal liggja frammi til sýnis fyrir félagsmenn á skrifstofu félagsins í skemmsta lagi viku fyrir félagsfund.”

3.8. Skráning og eftirlit með samvinnufélögum.

Í fyrstu grein laga nr. 22/1991 kemur fram að fjármálaráðherra fer með mál sem varða skráningu samvinnufélaga. 10. grein laganna segir að Samvinnufélagaskrá heyri undir embætti ríkisskattstjóra. Íslensk samvinnufélög lúta ekki öðrum kvöðum eða eftirliti en því sem fram kemur í lögum um samvinnufélög sem fjallað var um hér að ofan. Auk þess lúta þau ekki valdi heildarsamtaka samvinnufélaga.

3.9. Breyting á rekstrarformi samvinnufélaga.

Lög nr. 22/1991 taka á breytingum á rekstrarformi samvinnufélaga. Í 1. málsgrein 61. greinar segir að í kjölfar tillögu félagsstjórnar getur félagsfundur með 2/3 hlutum greiddra atkvæða samþykkt að breyta samvinnufélagi í hlutafélag. Boða skal til fundarins með minnst tveggja vikna fyrirvara og viku fyrir félagsfund skulu tillaga, áætlun um breytingu og fylgiskjöl liggja frammi á skrifstofu félagsins og send sérhverjum félagsmanni sem þess óskar. Auk þess segir í 61. grein laganna að: „Þegar stjórn hefur samþykkt tillögu um breytinguna er óheimilt að veita nýjum félagsmönnum inngöngu í félagið og að greiða úr stofnsjóði til félagsmanna frá dagsetningu tillögunnar þar til hlutafélagið hefur verið skráð eða tillaga felld. Félagsfund skal halda innan mánaðar frá því að stjórn hefur tekið ákvörðun.”

3.10. Um sérstaka skattameðferð samvinnufélaga

Samkvæmt upplýsingum Skattstofunnar í Reykjavík gilda engin sérstök lög um sköttun samvinnufélaga.

3.11. Helstu heimildir

Alþingi, **Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002**, Reykjavík: Alþingi, <http://eng.efnahagsraduneyti.is/laws-and-regulations//nr/2974>.

Alþingi, **Lög um samvinnufélög nr. 22/1991**, Reykjavík: Alþingi.

Hagstofa Íslands (1997) **Hagskinna**, Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Ívar Jónsson (2006) **Samvinnuhreyfingar Bandaríkjanna, Bretlands og Íslands**, Bifröst: Háskólinn á Bifröst. (<http://www.felagshyggja.net/Felagar/Samvinnuhreyfingar.pdf>)

4. Um reglugerð um evrópsk samvinnufélög og íslensk lög um samvinnufélög.

Reglugerð um evrópsk samvinnufélög hefur ekki haft nein sjáanleg áhrif á löggjöf á Íslandi eins og sést af því að lög nr 92/2006 hafa fram til þessa ekki leitt til neinnar breytingar á lögum nr. 22/1991 um samvinnufélög.

Telja verður að helsti lagalegi þröskuldur þess að samvinnufélög eflist á Íslandi eru lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Lög þessi takmarka útlánastarfssemi við sparisjóði og hlutafélög eins og fjallað var um hér að ofan. Umbætur á þessu sviði eru afar mikilvægar til að auka fjárhagslegt sjálfstæði samvinnufyrirtækja og fjárfestingakosti þeirra. Slíkar lagalegar umbætur myndu jafna samkeppnisstöðu samvinnufyrirtækja gagnvart einkafyrirtækjum.